

Tillaga	A 2000/UVN
Flytjandi	Flokkahópur miðjumanna
Afgreiðsla	Norræna velferðarnefndin

A 2000/UVN Þingmannatillaga um aukið jafnrétti í loftlagsmálum

Flokkahópur miðjumanna leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að taka upp kerfi fyrir reglulega söfnun bestu venja til að styðja við innleiðingu UNFCCC GAP á Norðurlöndum
- að halda leiðtogafundi og málþing til að ræða samþættingu jafnréttissjónarmiða í loftlagsmálum og norræna reynslu, aðgerðir, áskoranir og starfsvenjur
- að samþætta jafnréttissjónarmið í umsóknarferli verkefna á sviði loftlagsmála og grænna umskipta

Bakgrunnur

Skýrslan [A review of the Nordic implementation of the UNFCCC Gender Action Plan](#) rannsakar hvernig norrænu ríkin hafa innleitt Gender Action Plan, áætlun í tengslum við rammisamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC), sem hefur það markmið að flétta sjónarmið jafnréttis inn í loftlagsaðgerðir. Í skýrslunni er greint frá framförum og hindrunum á fimm áherslusviðum: uppbyggingu á getu, kynjajafnvægi og forystu, samstöðu, kynjameðvitaðri framkvæmd og eftirfylgni. Einnig er greint frá hindrunum á borð við skort á forgangs röðun og þekkingu í stjórnámálum, skort á kynjagreiningu og of mikilli áherslu á tæknilausnir sem hætt er við að jaðarsetji félagslega þætti loftslagsstarfsins. Dæmi eru gefin um góðar starfsvenjur, svo sem skyldubundinn kynjakvóta á Íslandi og áætlun Svíþjóðar um samþættingu jafnréttissjónarmiða hjá ríkisstofnunum.

Í skýrslunni kemur fram að mismunandi er hve mikla þekkingu ráðamenn á Norðurlöndum hafa á tengingunni milli kynjajafnrétti og loftslagsmála. Þrátt fyrir aukna hlutdeild kvenna í loftslagsstarfi er kynjaójafnvægi enn sérstaklega að finna á sviði náttúruvísinda, tækni, verkfræði og stærðfræði. Norðurlöndin sýna mismikinn árangur við að samþætta jafnréttismál í loftslagsstefnur landanna. Á meðan sum landanna hafa takið upp kynjakvóta í loftslagsáætlunum er þá ekki að finna hjá öðrum. Skortur er á kerfisbundinni eftirfylgni með samþættingu jafnréttissjónarmiða í loftslagsmálum.



Skýrslunni lýkur á tillögum um hvernig norrænu löndin geta bætt viðleitni sína við að flétta jafnréttissjónarmið inn í loftlagsstefnur sínar. Meðal annars er lagt til að þróaðar verði landsbundnar áætlanir, að úrræði og geta verið eflað og að aukin verði samræming og þekkingarmiðlun milli landanna.

Jafnrétti er eitt af [fjórum þverlægum sjónarmiðum](#) í „Framtíðarsýn 2023“ norrænu landanna um að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims. Það þýðir að allar ákvarðanir, fjárhagsáætlanir og aðrar áætlanir þurfa að taka tillit til jafnréttissjónarmiða. Það gefur enn meiri ástæðu til að uppfylla kröfur og tillögur skýrslunnar.

Maríuhöfn, 16. september 2024

Eva Biaudet
Markku Siponen
Kathrine Kleveland
Emma Berginger
Heidi Greni
Jouni Ovaska
Anna Starbrink
Catarina Deremar

Ola Elvestuen
Krista Mikkonen
Guðmundur Ingi Kristinsson
Johan Dahl
Liz Mattsson
Sandra Listerby
Lars-Christian Brask